

Vítt og breitt er eins og vorlóan

Ljósvakinn

ÞÁTTURINN Vítt og breitt á Rás 1 Ríkisútvarpsins hefur haldið á mér hita í vetur. Þegar stef þáttarins byrjar að óma kl. 13 virka daga dettur allt í dúnalogn og í miðjum deginum umvefur þýð rödd Hönnu G. Sigurðardóttur hlustandann, húmorísk og þekkilæg. ÞÁTTURINN Vítt og breitt á Rás 1 Ríkisútvarpsins hefur haldið á mér hita í vetur. Þegar stef þáttarins byrjar að óma kl. 13 virka daga dettur allt í dúnalogn og í miðjum deginum umvefur þýð rödd Hönnu G. Sigurðardóttur hlustandann, húmorísk og þekkilæg.

Efni þáttarins er með ólíkindum fjölbreytt, en alltaf ögn sagnfræði-, vísinda- og náttúrutengt og úr heimskirnunni allri. Spjallið við Aðalstein Davíðsson málfarsráðunaut um íslenskt mál er nokkuð sem bæði er heilsusamlegt fyrir máltilfinninguna og líka bara svo óskaplega skemmtilegt. Þá eru pistlar Jóns Björnssonar, eins margra góðra pistlahöfundar þáttarins, sem flytur okkur sagnir af furðum hversdagslífsins að fornu og nýju, einfaldlega frábærir. Fín músík er svo ofin í efnistökin.

Hanna G. er ekki eini stjórnandi þáttarins, því Pétur Halldórsson stjórnar þættinum á móti henni og er auk fastra liða ævinlega með afbragðsgóða umfjöllun um útvist og einkar fróðlega vísindapistla.

Vítt og breitt orkar á mig eins og fréttin um fyrstu lóu vorsins – hugurinn fyllist heiðríkju og hvílist frá sívaxandi neikvæðu og bölsýnu áreiti hvunndagsins. Steinunn Ásmundsdóttir



Hanna G. Sigurðardóttir — Ljósmynd/HGS